

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis

Reykjavík 23. febrúar 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórnskipunarlög (kosningaaldur), 188. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 22. febrúar sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp. Á fyrri löggjafarþingum hefur lækkun kosningaaldurs ítrekað verið til umfjöllunar og með hliðsjón af því vísar umboðsmaður barna til fyrri umsagnar embættisins um um lækkun kosningaaldurs frá 2019 sem fylgir hér að neðan.

Umboðsmaður barna vísar í fyrri umsögn embættisins um sama mál en vill þó áréttta tiltekin atriði. Lýðræðisleg þátttaka barna og ungmenna snýst um fleiri þætti en lækkun kosningaaldurs eins og lýðræðislegt samráð og möguleika á áhrifum á fyrri stigum ákvarðanatöku hjá ríki og sveitarfélögum. Í samtölum embættis umboðsmanns barna við ungmenni hefur komið fram skýrt ákall um að efla þurfi fræðslu um lýðræði, stjórnkerfi og stjórnsmál í efri bekkjum grunnskólans og í framhaldsskólum.

Einn af grunnþáttum aðalnámsskrár grunnskóla er lýðræði og kemur þar fram að skólar eigi að rækta þá þekkingu sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi.

Ýmsar aðrar leiðir eru jafnframt til þess færar að virkja börn til þátttöku í sínu nærsamfélagi og þá ekki aðeins þau sem eru 16 ára eða eldri heldur einnig yngri börn. Má þar einkum nefna starf ungmennaráða hjá sveitarfélögum með þátttöku fjölbreytilegs hóps ungs fólks. Embætti umboðsmanns barna hefur lengi beitt sér fyrir lögfestingu ungmennaráða sveitarfélaga sem umboðsmaður telur mikilvæga leið fyrir ungt fólk til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og taka þátt í lýðræðislegu samtali í nærumhverfi sínu.

Með vísan til framangreinds vill umboðsmaður barna hvetja Alþingi til að móta skýra sýn og stefnu um eflingu lýðræðislegrar þátttöku barna og ungmenna í íslensku samfélagi.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna